

**OPIÐ**  
**8-24**  
**ALLA DAGA**  
**Á EIDISTORGI**  
**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

- bls. 4-5  
**Viðtal við Sigurrós**  
**Maríu Sigurbjörns-**  
**dóttur bólstrara**

## Bændahöllin í nýjan búning



Bændahöllin er raunar eina höllin sem byggð hefur verið hér á landi fyrir utan viðskipta- og hótelturana á nokkrum stöðum. Hún setur mikinn svip á Vesturbæinn ólíkt turnbyggingum síðari tíma.

## Öll starfsemi Háskóla Íslands á sama svæði

Nú er unnið að breytingum og endurbótum á Bændahöllinni á Melunum. Húsið hefur verið selt Háskóla Íslands og mun í framtíðinni hýsa hluta af starfsemi Félagsstofnunar stúdenta og allt Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Verið er að breyta 115 hótélherbergjum í stúdentaíbúðir með litlum eldhúskrók, en aðrir hlutar hússins eða um 70 prósent af flatarmáli þess fer undir starfsemi Menntavísindasviðs og upplýsingasviðs við Háskólann. Menntasviðið mun flytja úr húsnæði gamla Kennaraháskólans við Stakkahlíð. Með því flyst öll meginstarfsemi Háskóla Íslands á sama svæði í Vesturbænum. Áætlað er að kostnaður við breytingar á húsnæðinu nemi þremur milljörðum króna, en kaupverð þess á sínum tíma var hálfur fjórði milljarður króna. Gert er ráð fyrir að húsið verði tekið í notkun í áföngum. Fyrstu stúdentarnir munu flytjast þangað um áramót, en kennsla hefst þar haustið 2024 með hátt í þrjú þúsund nemendum, kennurum og öðru starfsfólki Menntavísindasviðs. Veitingasala verður áfram í Grillinu og þar sem gamli Mímisbar var á sínum tíma á jarðhæðinni. Spurning er um undir hvaða nafni þessi hallarbygging sem setur svip á Reykjavík mun ganga á komandi árum. Verður hallarnafnið látið halda sér og húsið kallað Háskólahöllin í stað Bændahallar eða mun sögunafnið halda sér en Hótel Saga var lengst af rekið í húsinu. Jón Atli Benediktsson rektor hefur látið hafa eftir sér að honum hugnist Sögunafnið vel.

### Velkomin á Grandann

Nú **sækjum** við og **skilum** bílnum



**AFGREIÐSLUTIMI**  
**mán. – fös. kl. 8–16:30**



**Frumherji**

Hólmaslóð 2, 101 Reykjavík Sími 570 9090 • [www.frumherji.is](http://www.frumherji.is)



## Fáðu lyfin send heim FRÍTT

FAGLEG RÁÐGJÖF • LYF • SNYRTIVÖRUR • HEILSU- & NATTÚRUVÖRUR

**REYKJAVÍKUR APÓTEK**  
Héðinshúsinu Seljavegi 2

**Persónuleg ráðgjöf lyfjafræðings**  
**Hagstætt verð**



# Melabúðin

VERSLUN SÆLKERANS

Úrval, gæði, þjónusta!



# Vesturbæjarblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími: 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Póstdreifing ehf.

10. tbl. 25. árgangur

Vesturbæjarblaðinu er dreift í hvert hús í pósthúsum 107, 102 og 101.

## Betri borg – bætt samgöngutækifæri

Í Vatnsmýrinni felst einstakt tækifæri til að gera Reykjavík að betri borg. Með uppbyggingu þéttar blandaðrar byggðar í Vatnsmýri verður stigið stórt skref að því að Reykjavík verði sjálfbærari, hagkvæmari og fegurri. Með þróun byggðar á flugvallarsvæðinu er lagður grundvöllur að nýjum vaxtarpól í atvinnulífinu á sviði háskóla, rannsókna og hátækni.

Þessar línur eru úr texta með aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 til 2030. Stefna Reykjavíkur hefur verið og er að Reykjavíkurflugvöllur verði lagður niður og annar flugvöllur komi í hans stað.

Íslendingar hafa aldrei byggt alþjóðaflugvöll. Reykjavíkurflugvöllur og Keflavíkurflugvöllur eru herflugvellir. Stríðagóss byggt af Bretum og Bandaríkjamönnum vegna heimsátaka.

Reykjavíkurborg á mikið undir að byggt verði á hinu mikla landssvæði sem er undir flugvellinum í miðri borginni. Ferðapjónusta sem er nær stöðugt vaxandi atvinnuvegur á mikið undir öruggum flugsamgöngum.

Nauðsynlegt er að fleiri en ein gátt sé opin fyrir flugsamgöngur við Önnur lönd. Hvorki stærð né staðsetning Reykjavíkurflugvallar býður upp á slíkt. Litlir landsbyggðaflugvellir geta ekki tekið við því hlutverki.

Kostnaður við byggingu nýs flugvallar vex í augum. Vandí virðist keinnig að finna honum hentugan stað þannig að hann þjóni bæði innanlands- og millilandaflugi. Einnig eru pólitískar og jafnvel tilfinningalegar deilur um málið.

Ráðamenn ríkis og borgar verða að hrista af sér deilur og slén og taka til við að finna nýtt flugvallarstæði og byggja annan alþjóðaflugvöll. Stjórnámálemenn tala oft um að Ísland sé ríkt samfélag. Hvernig væri að sýna það í flugvallarmálinu. Byggja betri borg og bæta samgöngutækifæri. Framkvæma það sem skila mun byggðum og þjóð tekjum til framtíðar.



## HÚSAVIÐGERÐIR.IS

### ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

**Hafðu samband  
Við skoðum og gerum tilboð!**

**[www.husavidgerdir.is/hafa-samband](http://www.husavidgerdir.is/hafa-samband)  
[info@husavidgerdir.is](mailto:info@husavidgerdir.is) - Sími 565-7070**



# Vatnsmýrin mörg hundruð milljarða virði

- að mati borgarskipulagsfræðings



Vatnsmýrin. Á myndinni sést vel hversu stórt svæði fer undir flugvöllinn samanborið við annað land í Reykjavík.

Reykjavíkurborg gerir ráð fyrir að 20 til 25 þúsund manns geti búið í Vatnsmýri ef Reykjavíkurflugvöllur fer. Óvissa er uppi um framtíð innanlandsflugs og hvar eða hvort byggja eigi nýjan flugvöll. Áform um flugvöll í Hvassahrauni hafa raskast vegna elds-umbrota á Reykjanesi þótt þau hafi ekki verið slegin af. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri vill nýjan flugvöll einhvers staðar á suðvesturhorninu en Icelandair vill að innanlandsflugið verði áfram í Vatnsmýrinni. Gert er ráð fyrir að nýr flugvöllur verð bæði fyrir innanlandsflug og millilandaflug og eigi að létta á umferð um Keflavíkurflugvöll vegna vaxandi flugumferðar. Til þess er Reykjavíkurflugvöllur talinn of lítill, möguleikar til að stækka hann mjög takmarkaðir, auk þess sem hann er á mikilvægu byggingarlandi inni í miðri borg.

Guðmundur Kristján Jónsson borgarskipulagsfræðingur sagði uppbyggingu í Vatnsmýri eina hagkvæmstu loftslagsaðgerð sem hægt sé að fara í hér á landi í viðtali á Rás 2 á dögunum. Úr Vatnsmýrinni gefist tugþúsundum fólks færi á að komast til og frá vinnu án þess að nýta til þess einkabíl. Hann sagði gríðarleg

verðmæti felast í landinu í Vatnsmýrinni. Hann benti á að nýlega hafi verið boðin út sex þúsund fermetra lóð á Hlíðarenda þar sem tilborðsverð hafi numið allt að þremur milljörðum. Hann sagði að þessi lóð væri bara eitt lítið frímerki af þessu ógnarstóra svæði. Því megi ímynda sér hversu mörg hundruð milljarðar liggi þarna vannýttir af fjármagni sem væri hægt að nýta þjóðfélaginu öllum til heilla, ekki bara á höfuðborgarsvæðinu heldur um allt land.

Lilja Karlsdóttir samgönguverkfraðingur benti á við sama tækifæri mikilvægi þess að taka ákvörðun um flugvallarmálin sem fyrst. Ef halda eigi flugvelli í Vatnsmýrinni og ekki byggja þar verði að byggja fyrir fólk einhvers staðar annars staðar. Með því sé verið að teygja byggðina enn þá meira. Inn á virk svæði. Spurningin sé því um hvort skynsamlegra sé að hafa flugvöll mögulega á áhættusvæði en mannabyggð. Hún sagði að þarna vanti að taka ákvarðanir og fara af stað og gera þetta almennilega. Slæmt sé fyrir alla hlutaðeigandi sem hafa aðstöðu á flugvellinum, einnig þá sem eru með minni vélarnar og einkaflugvélarnar að vera alltaf í þessari óvissu.

## Melaskóli í 76 ár

Melaskóli er 76 ára. Afmælinu var fagnað með samsöng í Skálanum þar sem aðstandendur nemenda komu og tóku þátt í söngnum. Melaskóli er ein af athyglisverðustu byggingum í Vesturbæ Reykjavíkur. Húsið var teiknað af Einari Sveinssyni arkitekt og húsameistara ríkisins.

Þegar kennsla hófst í Melaskóla 5. október 1946 tók hann við nemendum úr Skildinganessskóla sem hafði starfað á árunum 1930 til 1946 og sinnt börnum frá Skerjafirði og Grímsstaðaholti. Fyrsta árið sem kennt var í Melaskóla voru nemendur um 850 og kennarar 26. Árið 1999 var viðbygging tekin í notkun og þá varð skólinn jafnframt einsetinn.



Melaskóli setur mikinn svip á Vesturbæinn.



Netverslun: [systerasamlagid.is](http://systerasamlagid.is)





Stúdentagarðar

# Njóttu námsáranna á Stúdentagörðum

Stúdentagarðasamfélagið stækkar þegar 112 íbúðir verða teknar í notkun á Sögu í vor.

- Öruggt og notalegt húsnæði
- Sameiginlegt rými á hverri hæð
- Frábær staðsetning
- Besta útsýnið í bænum?

Sæktu um á vefsíðu Stúdentagarða  
**[www.studentagardar.is](http://www.studentagardar.is)**



# Þetta er draumastaða

- segir Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir bólstrari

Mér líður mjög vel í Vesturbænum,“ segir Sigurrós María Sigurbjörnsdóttir bólstrari. Hún er ein af fáum konum sem lagt hafa þetta fag og starf fyrir sig. Hún hefur komið sér fyrir á Vesturgötu 55, í húsnæði sem fyrirtækið Kórall var áður. Þar starfrækir hún bólstrunarstofu eða bólsturverkstæði eins og hún kallar það á heimasíðu sinni. Eiginmaður hennar Steinn Steinsson hönnuður er með vinnuaðstöðu sína á sama stað. Hann segist í raun og veru geta verið hvar sem er við vinnu sína og hann kunni ágætlega við sig í horninu hjá konu sinni. Sigurrós hellti upp á kaffi og spjallaði við Vesturbæjarblaðið á dögum.

„Ég er ekki upprunnin Vesturbæingur þótt ég kunni vel við mig hér. Ég kem úr Laugarnesinu þar sem ég gekk í Laugarnes- og Laugalækjarskóla, Steinn maðurinn minn er gróinn Vesturbæingur og við byrjuðum búskapinn miðsvæðis í borginni, í litlu bakhúsi við Þórsögötuna. Svo fluttum við hingað í Vesturbæinn. Það er ákaflega þægilegt að vera hér. Nálægðin er mikil. Við búum í nágrenni við vinnuna og dæturnar eru í Vesturbæjarskóla og á leikskólanum Drafnarsteini. Við þurfum lítið sem ekkert að nota bílinn dags daglega. Á þessu leyti er þetta draumastaða. Getur ekki verið betri.“

## Hef alltaf haft áhuga á handverki

En hvað kom til að hún lagði bólstrunina fyrir sig. “Ég held að það

hafi verið áhuginn á handverki. Ég var alltaf mikill föndrari í mér. Að fást við eitt og annað í höndunum og fannst að bólstrunin gæti verið spennandi starf. Ég var búin að prufa ýmislegt áður en ég fór í Tækniskólann í húsgagnasmíði. Ég fór í húsgagnasmíði vegna þess að nám í bólstrun var ekki í boði. Ekki var þó auðvelt að komast á samning að námi loknu. En ég var svo heppin að ég kannaðist við Loft Þór Pétursson húsgagnabólstrara í Bólsturverki. Ég hafði samband við hann og hann var til í að gefa mér tækifæri og ég fór í læri hjá honum. Þannig komst ég í bólstrun eins og ég hafði alltaf ætlað mér. Ég var þar við nám í tvö ár og tók svo sveinspróf. Gaman er að segja frá því að ég lauk við sveinsstykkið gengin með yngri dóttur mína 36 vikur. Ég tók mér smá fæðingarorlof og starfaði svo í rúm tvö ár hjá Lofti og tók að



Sigurrós María á vinnustofunni. Myndir Steinn.

mér ýmis verkefni. Svo kom til tals að hann tæki nýjan nema og ég vissi að mig langaði til að vera með mitt eigið verkstæði.“

## Löguðum til og breyttu

Sigurrós segist því hafa farið að huga að hentugu húsnæði. „Ég datt fljótlega ofan á þetta hér við Vesturgötuna. Held það hafi verið í apríl eða maí 2020 sem ég sá að þetta húsnæði var til sölu. Hér hefði fyrirtækið Kórall sem margir þekktu verið til húsa um árabíl. Eigandi þess var farinn að draga saman í störfum og var að flytja út. Þetta hentaði mér og okkur fullkomlega. Við þurftum að aðlaga rýmið aðeins að okkar þörfum. Tókum niður nokkra léttu vegg og opnuðum fremri hluta húsnæðisins þar sem við sitjum núna. Verkstæðið sjálft er þó lítið breytt því hér hafði verið verkstæði lengi áður. Þetta er kannski ekki alveg eins og hefðbundið bólsturverkstæði. Steinn er með vinnuaðstöðu hér í fremra rýminu en hann þarf bara eitt skrifborð fyrir tölvuna. Það fer eðlilega meira fyrir mér sem er að fást við plássfrek



Skemmtileg hönnun, stóllinn minnir svolítið á Ísland, endurgerður að hætti Sigurrósar Maríu.

Vestast í Vesturbænum þar sem sólin súkkar í hafið og býður góða nótt. Þar er vinnustofa Sigurrósar Maríu.







Gamlir hlutir fá nýtt útlit og nýja merkingu hjá Sigurrós Maríu.

húsgögn, stóla, sófa og annað því um líkt.“ Steinn eiginmaður Sigurrósar snarast inn. Er að koma af fundi. Smellir tölvunni í dokkuna og fer að huga að kaffivélinni. Stór og myndarleg kaffivél þar sem hægt er að gera ýmsar kaffitegundir. Mætti halda að þau væru með kaffihús í vinnustofunni. „Við erum miklar kaffimanneskjur,“ segir Sigurrós á meðan Steinn lætur renna í nýjan bolla handa komumanni. Ilmandi kaffi ameríkanóilmur fyllir vitin og dropinn rennur ljúflega niður.

Umhverfissvakningin kemur við sögu

Sigurrós segist ekki vera eina konan í bólstruninni. „Við erum og höfum verið fleiri. Elínborg Jónsdóttir var ef til vill einna þekktust. Hún var á Álftanesi lengi og síðast í Garðabæ en er fallin frá fyrir aldur fram.“ En hefur húsgagnabólstrurum ekki fækkað á umliðnum árum? Sigurrós tekur undir það. “Í langan tíma voru fáir nýliðar í stéttinni svo það hefur myndast gap. Nú eru margir af eldri bólsturum farnir að draga saman seglin, svo mikið er að gera hjá þeim sem starfa við fagið. Ég er ekki með tölu um fjölda húsgagnabólstrara í dag en gæti trúað að þeir teldu um tvo tugi. Flestir eldri karlmenn þótt konur hafi aðeins verið að sækja inn í þetta starf. Fólki er aftur farið að huga að eldri og gömlum húsgögnum í meira mæli, taka þau úr geymslu

og láta gera þau upp. Fólki er líka að fá húsgögn frá foreldrum og jafnvel öfum og ömmum. Mörg eldri húsgögn falla undir að vera klassísk og oft er um góða hönnun að ræða. Mér finnst skemmtilegast að fást við gömlu húsgögnin. Þau eiga sér oft sögu og hafa merkingu fyrir fólk. Umhverfissvakningin kemur líka við sögu. Fólki er farið á hugsa meira um umhverfið, hvað megi nýta og jafnvel að gera nýtt úr gömlu. Ég tel það heyra til umhverfisbóta að láta gera upp gömul húsgögn.“

Enginn verkefnaskortur

Sigurrós segir að sér hafi verið tekið vel. Fólki komi og spyrjist fyrir. Bæði um kostnað og hvað sé hægt að gera. „Fólki kemur víða að en mér finnst áhuginn mikill hér í nágrenninu. Fólki er að koma gangandi með húsgögn til mín í bólstrun. Þetta byggist að einhverju leyti á því að maður þekkir mann. Fólki sér nýuppgerð húsgögn hjá vinum og kunningjum. Svo nota ég netið mikið til samskipta. Er með síðu á facebook og Instagram. Myndir á samfélagsmiðlunum vekja athygli og stundum sleppi ég að setja inn færslur ef mikið er að gera og erfitt að bæta við verkefnum. Ég fæ oft gusu af fyrirspurnum ef ég set eitthvað á netið. Nei – ég þarf ekki að kvarta vegna skorts á verkefnum.“

Stofnun Ólafs Ragnars á háskólasvæðinu

Reisa á stofnun Ólafs Ragnars Grímssonar á háskólasvæðinu steinsnar frá Öskju og Norræna húsinu. Þar mun Minerð sem tengist norðurslóðum verða til húsa. Það er alþjóðleg hugveita og nefnist Minerð Institute í höfuð Scott Minerð, yfirmanni fjárfestinga hjá fjárfestingar-fyrirtækinu Guggenheim Partners.

Scott Minerð tók þátt í ráðstefnu á þingi Hringborðs norðurslóða sem fram fór fram í Hörpu á dögnum og ávarpaði ráðstefnugesti á málstofu. Hann rakti meðal annars tíu ára kynni sín af Ólafi Ragnari Grímssyni og hvernig hugmyndir forsetans þáverandi um stofnun hringborðsins hefðu á sínum tíma þótt metnaðarfullar og framandi. Á sama hátt gætu hugmyndir um hugveituna þótt djarfar í dag, en þær væru það ekki. Hann sagði nauðsynlegt að íbúar norðurslóða hafi þær auðlindir sem þarf til að móta eigin framtíð, ekki aðeins þátttakendur á meðan fjárfestar



Þannig gæti Stofnun Ólafs Ragnars Grímssonar litið út á háskólasvæðinu. Mynd: Rizma Feros, Indian artist.

og fyrirtæki utan norðurslóða koma inn og reyna að græða. Ólafur Ragnar greindi frá því að stofnuninni og að henni hafi verið úthlutað lóðinni og birti teikningar sem sýna hvernig byggingin gæti litið út. Enn hefur þó ekki verið efnt til formlegrar hönnunarsamkeppni. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri og Jón Atli Benediktsson, rektor HÍ undirrituð í desember viljayfirlýsingu um afhendingu lóðarinnar til stofnunar Ólafs Ragnars. Enn er óljóst hver eða hverjir munu standa að sjálfri byggingunni.

Er kominn tími til að gera eitthvað?

Næstu námskeið í boði hjá Hringsjá

Hringsjá býður úrval af öðru-vísi og spennandi námskeiðum sem hafa hjálpað mörgum að komast aftur eða í fyrsta sinn af stað til meiri virkni, meiri lífsgæða og fleiri valkosta í námi eða starfi.

Styrkleikar

Þátttakendur fá tækifæri til að greina helstu styrkleika sína og skoða leiðir til að nýta þá betur í daglegu lífi. Rannsóknir benda til þess að aukin meðvitund um helstu styrkleika okkar auki vellíðan okkar.

Sjálfsstyrking

Fyrir þá sem vilja vera öruggari í framkomu og öðlast meiri trú á eigin getu til að tjá sig. Stuðst er við grunnaðferðir og tækni úr leiklistarheiminum.

Lesblindunámskeið

Á námskeiðinu fá nemendur fræðslu um einkenni námserfiðleika/dyslexiu/ dysgraphiu/dyscalculiu og þær afleiðingar sem þessar raskanir geta haft á daglegt líf.

Jákvæð sálfræði

Almenn umfjöllun um jákvæða sálfræði og hvernig hún tengist andlegri heilsu og vellíðan.

Fjármál einstaklinga

Fyrir þá sem vilja fá yfirsýn yfir eigin fjármál og auka fjármálalæsi.

Ég heiti Svala Breiðfjörð Arnardóttir

Ég er löggiltur bókari hjá Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu. Ég var nemandi í Hringsjá náms- og starfsendurhæfingu.

„Hringsjá breytti lífinu til hins betra. Í dag er ég í draumastarfi og elska að vakna á morgnana.“



Sérhæfð lögfræðipjónusta með áherslu á 60+

Ráðgjöf varðandi húsnaðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbússkipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.

Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð  
Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is



Hringsjá  
Náms- og starfsendurhæfing

Upplýsingar og skráning í síma 510 9380 eða á staðnum að Hátúni 10d.  
Heimasíða: www.hringsja.is  
Netfang: hringsja@hringsja.is  
Facebook: facebook.com/hringsja



# Tryggvagata aftur ekin til vesturs



Tryggvagata ekin til vesturs ekki á móti rauða skiltinu.

Um Tryggvagötu milli Lækjargötu og Pósthússtrætis verður aftur ekið til vesturs líkt og var áður en framkvæmdir hófust við götuna. Síðustu ár hefur akstursstefna á götukaflanum verið til bráðabirgða til austurs vegna framkvæmdanna. Það var gert þar sem sú tenging er eina tengingin út úr Kvosinni þegar ekið er norður Pósthússtræti frá Kirkjustræti eða til suðurs Naustina frá Tryggvagötu.

Framkvæmdum sem höfðu áhrif á akstur um Tryggvagötu er nú lokið var talið rétt að snúa akstursstefnunni á þeim kafla. Samhliða ofangreindum breytingum verða smávægilegar breytingar gerðar á akstursstefnum Grófarinnar og Naustanna norðan Tryggvagötu. Grófin nú einstefna til norðurs en Naustin einstefna til suðurs. Var þetta gert svo hægt verði að komast að bílastæði bak við Hafnarhús óháð því hvort ekið sé frá Lækjargötu eða Geirsgötu.

# Vestmannaeyjabær á Menningarnótt

Vestmannaeyjabær verður heiðursgestur Menningarnætur í Reykjavík 2023. Tilefnið er að 50 ár verða liðin frá því eldgosinu í Vestmannaeyjum 1973 lauk. Einnig koma langvarandi vinatengsl bæjarfélaganna við sögu.

Um árabíl hefur tíðkast að bjóða völdum sveitarfélögum eða félagasamtökum að vera heiðursgestur á Menningarnótt. Heiðursgestir Menningarnætur í gegnum árin hafa meðal annars verið Ísafjörður, Akranes, Þórshöfn í Færeyjum, Blindrafélagið og nú síðast stuðningssamtökin Support for Ukraine Iceland.

Menningarnótt er afmælishátíð Reykjavíkurborgar og er haldin fyrsta laugardag eftir 18. ágúst en þann dag árið 1786 fékk Reykjavíkurborg kaupstaðarréttindi. Menningarnótt var haldin í fyrsta sinn árið 1996 og hefur frá upphafi skipað mikilvægan sess í viðburðahaldi í borginni þar sem listafólk, íbúar og rekstraraðilar fá tækifæri til að bjóða til veislu í miðborginni.

# Nýtt hverfi í Skerjafirði kynnt á Oslóarþríæringnum

Nýtt hverfi sem búið er að hanna í Skerjafirði er nú til kynningar á þríæringnum í Osló. Sýningarsvæðið sem Skerjafjarðarbyggðin er kynnt er í gamla Munch safninu, sem margir þekkja en þríæringurinn fer fram á nokkrum stöðum í borginni. Sýningin stendur yfir til 30. október.

Hluti af sýningunni í Munch-safninu er myndband þar sem farið er yfir í vinnuna á bak við hönnunarleiðbeiningarnar fyrir nýtt hverfi í Skerjafirði sem voru unnar af deild borgarhönnunar hjá Reykjavíkurborg. Ráðgjafi verkefnisins var Mandaworks í Svíþjóð. Nýi Skerjafjörður var valinn úr um 400 umsóknum sem eitt af sex verkefnum sem verða kynnt í svokölluðum „Open Call“ hluta þríæringins. Valið er byggt á hönnunarleiðbeiningunum fyrir nýtt hverfi í Skerjafirði, en í þeim eru lagðar markvissar línur fyrir vistvæna byggð en í leiðbeiningunum er sett fram heildarstefna



Frá sýningunni í Munchsafninu.

um hönnun almenningsrýma á svæðinu.

Á þríæringnum verða rann-sakaðar leiðir til að skapa fyrirmyndarhverfi framtíðarinnar.

Leitast verður við að svara spurningum eins og hvað einkenni góð hverfi og hvernig innviðir eins og götur geti nýst sem dvalarsvæði íbúa.

## Einimelslóðirnar

# Mátti ekki hylja nöfn borgarstarfsmanna

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál segir Reykjavíkurborg hafa brotið lög með því að hylja nöfn borgarstarfsmanna og húseiganda við Einimel í gögnum sem varða umdeildar lóðir við götuna. Borgin sagði nöfnin hafa verið hulin vegna ákvæða í Persónuverndarlögum.

Lengi hefur verið ljóst að lóðir fyrir aftan einbýlishús á Einimel 22, 24 og 26 hafa verið teygðar í leyfisleysi út á túnið fyrir aftan sundlaugina og girtar af. Reykjavíkurborg hefur verið gagnrýnd vegna málsins. Í umsógn úrskurðarnefnd segir meðal annars að frá sjónarmiði réttaröryggis sé grundvallaratriði að nöfn þeirra sem fari með mál í stjórnsýslunni séu upplýst. „Að öðrum kosti er hvorki almenningi né fjölmiðlum mögulegt að ganga úr skugga um að viðkomandi einstaklingar hefðu



Á myndinni sést greinilega hvernig húseigendur við Einimel 22, 24 og 26 færðu mörk lóða húsanna út og girtu á leyfis.

verið bærir til að taka slíka ákvörðun eða hvort aðstæður væru með þeim hætti að tilefni hafi verið til að efast

um hæfi sömu einstaklinga til að koma að málinu.”



# Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfirmatækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættrar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sína, hvort sem það eru einkarekin, skráð félög eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is

# RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN hf

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is





# Þitt fyrirtæki í aðalhlutverki

Við höfum reynslu, réttu lausnirnar og ástríðu fyrir því að fyrirtækið þitt eigi stórleik á sínu sviði atvinnulífsins.

[islandsbanki.is](https://islandsbanki.is)





Almenningssamgöngur í Reykjavík

# Nauðsyn og basl í nærri öld

Um 20% íbúa höfuðborgarsvæðisins nota Strætó einu sinni eða oftar í mánuði. Þetta kemur fram í skýrslu Verkfræðistofunnar Eflu um hvernig bæta megi kerfi almenningssamganga á höfuðborgarsvæðinu. Þar kemur fram að aukin tíðni ferða, styttri ferðatími, ódýrara fargjald og auðveldari skiptingar skipti máli fyrir þá sem svöruðu könnuninni. Í samantekt könnunarinnar kemur fram að mögulegar aðgerðir til að bæta gæði almenningssamgangna og auka notkun þeirra séu að veita þeim meiri forgang í umferðinni. Færa til bíðstöðvar og huga vel að staðarvali þeirra við mótun skipulags. Endurskoða leiðakerfi Strætó og stuðla að aukinni upptöku strætókorta og endurskoða gjaldskrá. Einnig þurfi að hvetja vinnustaði til að taka upp samgöngustefnu.

Fyrsti strætisvagninn í eigu Strætisvagna Reykjavíkur h.f. hóf ferð frá Lækjartorgi þann 31. október 1931. Því eru liðin rúm 90 ár frá því Strætisvagnarnir eignuðust sinn fyrsta bíl. Áður hafði félagið haldið uppi ferðum með póstbíl sem það hafði á leigu um nokkurra vikna skeið. Saga almenningssamgangna í Reykjavík og síðar á höfuðborgarsvæðinu er ekki nein skemmtisaga. Oft hefur gustað um þær og rekstur verið erfiður í gegnum tíðina. Ástæður þess eru eflaust margar. Hæst ber að ekki hefur virst nægur áhugi á að standa vel að þessari þjónustu og að íbúar hafi ekki haft lag eða áhuga á að notfæra sér hana sem skyldi. Þá ber að nefna einkabílavæðinguna sem hófst af mikilli alvöru um og upp úr 1960. Einkabílinn var í raun valinn sem samgöngutæki. Almenningssamgöngur voru af mörgum litnar hornauga þótt nauðsynlegar væru.

## Hlutfélagsrekstur í 14 ár

Stofnfundur Hf. Strætisvagna Reykjavíkur var haldinn 24. ágúst 1931. Stofnendur voru 13 og hlutfé félagsins talið 30 þúsund krónur. Þann 16. september sama ár gerði fyrirtækið samning við Bæjarstjórn Reykjavíkur um að halda uppi rekstri almenningsbífreiða í Reykjavík næstu fimm ár að því tilskyldu að bæjarstjórn veiti ekki öðrum félögum eða einstaklingum styrki til bífreidarferða um bæinn á sama tíma. Félagið hélt uppi strætisvagnaferðum í Reykjavík í um 14 ár. Þá festi Reykjavíkurbær kaup á 20 vögnum þess og yfirtók rekstur strætisvagna í Reykjavík.

## Tífoldur kostnaður að fara í leigubíl

Þegar Strætisvagnar Reykjavíkur hófu göngu sína fyrir um níu áratugum kostaði farið með Strætó 5 og 10 aura. Þá kostaði nokkrar krónur að fara sömu vegalengd í leigubíl. Þá sungu krakkar á götunni, allir í Strætó, allir í strætó. Einnig var sungið, allir með strætó enginn með Steindóri, en bífreidastöð Steindórs var þá öflug leigubífreidastöð í Reykjavík. Mikilvægi strætisvagnanna kom fljótt ljós og víða við sögu hins daglega lífs. Strætisvagnar voru taldir til brýnna nauðsynja borgarbúa og þeim ómissandi um ófyrirséða framtíð. Þetta gerist áður en einkabílavæðingin kom af fullum þunga.

## Hámarkstími á leiðum 15 mínútur

Þann 11. apríl 1970 var tekið upp nýtt leiðakerfi sem markaði tímamót í þjónustu SVR. Leiðakerfið var gert einfaldara og fólki auðveldað

að skipta um vagna án aukagreiðslu með skiptimiðum. Talið var að lágmarkstíðni á leiðum þyrfti að vera 15 mínútur. Farþegum fjölgað um allt að 15% eftir leiðabreytinguna eða um álíka fjölda og notar skiptimiða. Talið var æskilegt að flýta för farþega, sem búa lengst frá miðhluta borgarinnar. Til þess að svo mætti verða þurfi að taka upp ferðir með öðru sniði og strætisvagnar að njóta í auknum mæli fyrirgreiðslu umferðaryfirvalda. Svo mörg voru þau orð.

## Einkabífreið með 1,2 til 1,4 farþega – strætisvagn með 10 til 80

Á 40 ára afmæli Strætisvagna Reykjavíkur 1971 ræddi Eiríkur Ásgeirsson, forstjóri þeirra lítilla um hlutverk strætisvagnanna á komandi árum. Hann sagði meðal annars. „Á síðari árum hefur gildi almenningssvagna aukist mjög, eftir að það er orðið meiri háttar vandamál í bæjarskipulagi, hvernig eigi að fá rými á vegum og stæðum fyrir sívaxandi fjölda einkabífreiða. Í einkabífreið eru að meðaltali 1,2 til 1,4 manneskur en í strætisvagni 10 til 80. Viðs vegar um heim fer fram endurmat á gildi þessara farartækja og hvað gera þurfi til þess að almenningssvagn geti keppt við einkabífreiðina. Ljóst er orðið, að þetta er ekki aðeins mál fyrirtækja, sem starfækja almenningssvagna, heldur einnig borgar-, skipulags- og lögregluyfirvalda, sem standa munu, eða standa nú þegar frammi fyrir nær óleysanlegum vanda, sem leiðir af ótakmarkaðri notkun einkabífreiða í verslunar- og athafna- hverfum borga. Eigi strætisvagnar að gegna slíku hlutverki, sem hér hefur verið lýst, eru grundvallarskilyrði þessi: Leiðakerfi þarf að ná yfir það þéttbýlissvæði, sem um er að ræða, þannig að gönguleiðir milli húsa og viðkomustaða séu yfirleitt innan hæfilegra marka. Beint og greitt samband á að vera á milli íbúðahverfa og helstu athafnasvæða og stefna ber að sem bestri samstillingu á tíma áætlunum og akstursleiðum. Ferðatíðni, ferðahraði, stundvísi, sætafjöldi og önnur þægindi eiga að vera slík, að fólk telji almenningssvagna vera raunverulegan valkost gagnvart einkabífreiðinni.“ Síðan er liðin hálf öld en hvað hefur breyst.

## Styttri ferðatími – raunhæfari valkostur

Reglulegar samanburðarmælingar á ferðatíma Strætó og einkabílsins eftir völdum leiðum innan Reykjavíkur í dag sýna að oft tekur um 10 mínútur eða lengri tíma að ferðast með Strætó en með einkabíl. Er því ljóst að með því að stytta ferðatíma með Strætó megi búaast við að fleiri líti á almenningssamgöngur sem raunhæfan valkost. Hvaða úrbætur á núverandi almenningssamgöngukerfi eru mikilvægastar. Í könnun Eflu var spurt um mikilvægustu úrbætur á núverandi almenningssamgöngukerfi. Flestir töldu að mikilvægustu úrbæturnar væru aukin tíðni ferða, styttri ferðatími, ódýrara fargjald og bættur greiðleiki við skiptingar.

## Hafa fargjöld staðið í vegi fyrir fjölgun farþega

Í grein í Morgunblaðinu 19. september 1995, sem rituð var af Friðrik H. Guðmundssyni þáverandi formanni Íbúasamtaka Grafarvogs segir að nú sé svo komið ekki sé hægt að sitja lengur aðgerðarlaus. Ekki sé hægt að líða það að opinberir aðilar eins og Reykjavíkurborg leyfi sér að hækka fargjöld strætisvagnanna langt umfram almennar kaupgjalds-

hækkanir. Endanlega gengur fram af okkur þegar fargjöld unglinga og aldraðra eru hækkuð langmest og ekki látið muna um það, hækkunin er 100%. Hér höggva þeir sem hlífa skyldu.“ Svo mörg voru þau orð en hver er staðan tæpum þremur áratugum síðar. Hefur eitthvað breyst. Hvað hefur staðið í veginum fyrir því að notkun almenningssvagna hefur ekki aukist í takt við það sem vonir stóðu til.

## Fargjöldin hækka um 12,5%

Enn í dag eru strætisvagnagjöldin að hækka. Nú eiga þau að hækka um 12,5%. Stök fargjöld og tímabilskort munu öll taka sömu verðbreytingu, en sem dæmi hækkar stakt fargjald úr 490 krónum í 550 krónur. Þá hækkar 30 daga nemakort úr 4.000 krónum í 4.500 krónur. Á verðhækkunin að mæta almennum kostnaðarverðshækkunum á aðföngum Strætó, svo sem á olíu og kostnaði vegna vinnutímastyttingar. Segir í tilkynningu frá stjórn Strætó bs. að vinnutímastyttingin hafi haft veruleg áhrif á reksturinn. Þá gæti enn áhrifa kóvid heimsfaraldursins í rekstrinum og útlit er fyrir að uppsöfnuð áhrif á tekjur félagsins yfir faraldurinn sé á bilinu 1,5 til 2 milljarðar. Gera verður ráð fyrir að gjaldtaka fyrir að ferðast með strætisvögnum eigi umtalsverðan þátt í hversu erfiðlega hefur gengið að gera almenningssamgöngur að samkeppnishæfum ferðamáta líkt og hann er í mörgum öðrum löndum. En aðrir þættir koma líka til.

## 1,8 milljarður á móti 27,5

Ríkið veitti alls 27,5 milljörðum í skattaívilnanir vegna „vistvænna ökutækja“ á árunum 2012 til 2022. Í niðurstöðum frá Hagfræðastofnun Háskóla Íslands segir að ívilnanir vegna rafbílaakaupa gagnast helst efnameiri hópum og er aðgerðin talin þjóðhagslega óhagkvæm. Fólk með lægri tekjur hafi mun minni möguleika á að festa kaup á slíkum bílum, sem eru taldir vistvænni en þeim bílum sem eru eingöngu knúðir áfram af bensíni eða dísilolíu. Bent er á að tekjulægri hópar noti almenningssamgöngur í meiri mæli en tekjuhærr hópar. Þar segir einnig að engin loftslagsaðgerð stjórnvalda beri jafn mikinn kostnað og ívilnanir vegna nýorkubíla. Þá sé kolefnisfótspor rafbíla mun meira en kolefnisfótspor almenningssamgangna. Í samantekt sem Alþýðusamband Íslands hefur birt námu fargjöld 21% af tekjum Strætó á síðasta ári en það eru um 1,8 milljarðar króna. Í samantektinni er bent á að með þeirri upphæð hefði verið hægt að gera þjónustu almenningssamgagna gjaldfrjálsa að öðru óbreyttu. Þar er vakin athygli á því að íslensk stjórnvöld hafi sett einn milljarð króna í rekstur Strætó bs. árið 2021, en níu milljarða í niðurgreiðslur á rafmagns- og tengiltvinnbífreiðum.

## Ekki rými á umferðargötum

Líklegt má telja að gjaldfríar almenningssamgöngur myndu fjölga farþegum sem velja þær fram yfir einkabíl. Eftir stendur þó spurning um þau þægindi sem margir telja sig hafa af notkun einkabíls. En önnur spurning er einnig áleitin. Hversu lengi er rúm fyrir fjölgun einkabíla í hlutfallið við íbúafjölgun Reykjavíkur og höfuðborgarsvæðisins alls. Þessu vilja sveitarstjórnir mæta með flýtiakstursleiðum um búsvæðið. Fólksflutningavögnum sem aki um á sérleiðum sem aðrir hafa ekki aðgang að. Þessi leið hefur ekki verið óumdeild einkum vegna kostnaðar



Eru strætisvagnarnir hjarðdýr var eitt sinn spurt. Þeir elta hver annan. Það ræðst af tímaáætlunum þeirra.



Stærri vagnar hafa verið keyptir til að nota á álagstíma.



Strætisvagn frá sjötta eða sjöunda áratugnum.



Þegar gæludýr voru leyfð í rútum í Reykjavík mætti kona með hestinn sinn í vagninn.

við að byggja þessar sérleiðir inn í umferðarkerfi höfuðborgarsvæðisins. En þá er ótalinn hugsanlegur kostnaður af miklum umferðarþunga og töfum sem myndast á álagstíma. Og stærstu spurningunni er ósvarað. Hvað myndi kosta hinn almenna borgara að nota hinar nýju umferðaræðar. Í ljósi þess að fargjöld með strætisvögnum eru ekki óumdeild og hafa að einhverju

leyti staðið gegn notkun þessrar þjónustu má spyrja hvar kostnaður og sparnaður kunni að mætast. Annað er þó óumdeild. Að sá fjöldi einkabíla sem kominn er á götur höfuðborgarsvæðisins og mun vaxa verði einkabíllinn aðalfarataeki fólks til frambúðar líkt og nú er. Þá hafi einkabíllinn ekki nægt rými á umferðargötum lengur.



# Nesdekk - í næsta nágrenni!

Rétu dekkin draga fram  
bestu eiginleika bílsins og  
veita hámarks öryggi við  
misjöfn akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna  
við val á réttum dekkjum.



Birt með fyrirvara um mynda- og textabréngi.

Toyo

Pirelli

Laufenn

Maxxis

Mastercraft

Nankang

Double Coin

Harðskeljadekk

Vörubíladekk

**Bókaðu tíma fyrir bílinn þinn  
og skoðaðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is**



# Hinsegin vika og fjör í Frosta

Víkuna 10. til 14. október var haldinn hinn árlegi viðburður Hinsegin vika Tjarnarinnar og var mikið fjör í Frosta. Félagsmiðstöðvarnar halda Hinsegin vikuna hátíðlega á hverju ári með það að markmiði að auka sýnileika og fagna fjölbreytileika okkar allra.

Á dagskrá hjá unglingunum var lifandi bókasafn í Spennistöðinni á mánudeginum þar sem Dóra Júlía og Mars Proppé komu og svöruðu spurningum frá unglingunum og tóku spjallið. Á þriðjudeginum horfðum við á Heartstopper og öll gæddu sér á kakó. Miðvikudagskvöldið var partý-karíóki í Spennistöðinni þar sem engin annar en Haffi Haff kom og stýrði fjörinu. Á fimmtudeginum fönnduðum við hinseginfána sem prýða nú vegg Tjarnarinnar. Við enduðum vikuna á drag-kvöldi í salnum í Hagaskóla þar sem unglingar og starfsmenn fóru í drag og sungu og dönsuðu saman. Í 10-12 ára starfinu fönnduðum við fána og skartgrip og fórum í karíóki! Skemmtileg og fræðandi vika að baki og að sjálfsögðu munum við í félagsmiðstöðvum Tjarnarinnar halda áfram að fagna fjölbreytileikanum og sýna stuðning í verk allra daga, allt árið um kring.



Sérstök kaka var bökuð í tilefni hinsegin vikunnar og að sjálfsögðu í réttum hinsegin litum.

# Skólaþróun í Vesturbæjarskóla

- hvað er Utís Online

Kennarar og stjórnendur í Vesturbæjarskóla tóku þátt í Utís Online fyrir skómmu. Utís Online er menntaviðburður á netinu fyrir starfsmenn skóla á öllum skólastigum. Hátt í 2000 starfsmenn úr skólum víðsvegar um landið tóku þátt í viðburðinum sem er einstakt og merki um vaxandi áhuga á skólaþróun og vinsældir þessarar námsstefnu. Utís menntaviðburðurinn er nú haldinn ár hvert á netinu eða á Sauðárkróki að frumkvæði Ingva Hrannars Ómarssonar, kennara, menntafrumkvöðuls og starfsmanns í skólaþróunarteymi Mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Á Utís er meðal annars fjallað um mikilvægi endurgjafar í staðinn fyrir hefðbundið námsmat. Mikil áhersla er lögð á endurgjöf til nemenda í leiðsagnarnámi með áherslu á framfarir í Vesturbæjarskóla. Þar er fjallað um hvernig hönnunarhugsun og lausnaleit getur valdeflt nemendur og gert námið áhugaverðara og merkingarbart sem við leggjum áherslu á í gegnum samþættingu námsleiða, verkefnamiðaða nálgun, sköpunarsmiður og skapandi nám. Á Utís Online var fjallað um mikilvægi þess að gefa nemendum val um hvað þau læra, hvers vegna og hvernig í anda verkefnamiðaðs náms og skapandi skila þar sem farið er á dýptina í náminu. Fjallað var um hvernig hægt er að vekja börn til umhugsunar um nám sitt, að þeirra rödd og hugmyndir skipta máli sem er rauði þráðurinn í markmiðum okkar sem Réttindaskóli.



Frá Utís Online í Vesturbæjarskóla.

## Nemendastýrðir samráðsfundir

Í ár á að þróa nemendastýrða samráðsfundi þar sem börnin stýra samráðsfundinum en fyrirmyndin kemur frá Brekkubæjarskóla á Akranesi. Það er marga sem við getum verið stolt af í Vesturbæjarskóla. Í Vesturbæjarskóla verður haldið áfram að vinna að skólaþróun. Rýnt verður í nýjustu rannsóknir, tekið þátt í ráðstefnum, menntaviðburðum og átt í reglulegu samtali um þróun í menntamálum.

# Grandaskólakrakkar í Ásmundarfsafni

Lotuhóparnir í smíði og myndmennt heimsóttu Ásmundarsafn á dögnum. Þar lærðu þau um Ásmund

myndlistarmann og verkin hans og sáu sýningu Unndórs Egils Jónssonar.



Nemendur úr Grandaskóla stödd í Ásmundarsafni



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is

VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Síðumúla 27 | 588 4477 | [www.valholl.is](http://www.valholl.is) | Reykjavík | Snæfellsbæ | Höfn Hornafirði



Ingólfur Geir Gissurarson  
Framkvæmdastjóri, lögg.  
fasteignasali, leigumiðlari  
896 5222  
[ingolfur@valholl.is](mailto:ingolfur@valholl.is)



Heiðar Friðjónsson  
Sölustjóri, löggiltur  
fasteignasali B.Sc  
693 3356  
[heidar@valholl.is](mailto:heidar@valholl.is)



Hildur Harðardóttir  
Lögreglingur, löggiltur  
fasteignasali, skjalagerð  
897 1339  
[hildur@valholl.is](mailto:hildur@valholl.is)



Snorri Snorrason  
Löggiltur fasteignasali  
895 2115  
[snorri@valholl.is](mailto:snorri@valholl.is)



Hólmfríður Björgvinsdóttir  
Ritari  
588 4477  
[ritari@valholl.is](mailto:ritari@valholl.is)



Pétur Steinar Jóhannsson  
Aðstoðarm., fasteignasala  
Snæfellsnesi  
893 4718  
[petur@valholl.is](mailto:petur@valholl.is)



Anna F. Gunnarsdóttir  
Löggiltur fasteignasali  
Lista og innanhús Stílisti  
892 8778  
[anna@valholl.is](mailto:anna@valholl.is)



Sturla Pétursson  
Löggiltur fasteignasali  
899 9083  
[sturla@valholl.is](mailto:sturla@valholl.is)



Jónas H. Jónasson  
Lögg., eignaskiptayfirlýsandi  
Aðstoðarmaður fasteignasala  
842 1520  
[jonas@valholl.is](mailto:jonas@valholl.is)



Elín Viðarsdóttir  
Löggiltur fasteignasali  
695 8905  
[elin@valholl.is](mailto:elin@valholl.is)



Fagleg þjónusta - Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



*Sírius*   
Sælkerabakstur



## Kökubæklingur Nóa Sírius er kominn!

Vörurnar frá Nóa Sírius eru í algjörum sérflokki þegar kemur að bakstri.  
Lyftu sælkerabakstrinum þínum í nýjar hæðir með eðalhráefni frá okkur.  
Bakaðu úr því besta með Nóa Sírius.





GERÐU SKAMMDEGIÐ  
SKEMMTILEGT



Nú er tíminn til að fara djúpt inn á við  
Allskonar fallegar hugleiðsluvörur sem prýða bæði þig  
og heimilið.



Töfrandi spáspil  
í skammdeginu  
Undurfalleg tarot og spáspil.

Möntrubönd  
Möntruböndin falla aldrei úr  
gildi. Vinalegasta vinagjöf  
Sysstrasamlagsins í 8 ár.



**Styrktu ónæmiskerfið**  
Bresku vítamínin, bætiefnin, jurtirnar og olíurnar frá Viridian eru  
eins hrein, lífræn og náttúruleg og mögulegt er að framleiða.  
Án fylliefna, aukaeigna, “nastis”, pálmolíu og síðferðislega unnin  
skv. ströngustu kröfum.



Afgreiðslutími:  
Mán: 10-16  
Þri-fös: 10-17  
Lau: 11-16  
ÓÐINGÖTU 1, REYKJAVÍK  
sysstrasamlagid.is  
@sysstrasamlagid  
Sími: 511 6367

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

www.utforin.is ♦ Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892  
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

www.utfararstofa.is ♦ Dofrahellu 9b, Hafnarfirði

Námið í Hringsjá  
hefur gert okkur gott

- segja nemendur sem eru að útskrifast



Sigurros Bára, Ágústa Hrönn, Jónas Hannes og Alice spjölluðu við Vesturbæjarblaðið.

Hringsjá náms- og starfsendurhæfing er ætluð einstaklingum 18 ára og eldri hefur starfað sem sjálfstæð stofnun frá árinu 1987. Hringsjá var stofnuð af ÖBÍ réttindasamtökum og er í eigu þess. Starfsemin miðast við að veita fólki sem átt hefur í erfiðleikum í lífinu og verið frá vinnumarkaði af ýmsum ástæðum möguleika til þess að byggja líf sitt upp og njóta menntunar. Starfsemin er einnig ætluð fólki sem hefur takmarkaða grunn og undirstöðumenntun og hefur átt í erfiðleikum með að nýta sér hefðbundið nám meðal annars vegna lesblindu. Hringsjá er til húsa í Hátúni 10d – innst í Hátúninu skammt frá gatnamótum Laugavegar og Kringlumýrarbrautar. Vesturbæjarblaðið leit við eina morgunstund og spjallaði vð nokkra af nemendum Hringsjár og fékk tíðindamaður bleika köku með kaffinu en heimsókn hans bar að á degi bleiku slaufunnar.

Þau sem spjölluðu við blaðið voru Sigurros Bára, Ágústa Hrönn, Jónas Hannes og Alice. Þau eiga rætur í hinum ýmsu samfélögum. Sigurros er ættuð úr Skagafirði. Ágústa Hrönn kemur frá Grundarfirði. Jónas Hannes er borgarbarn úr höfuðborginni og Alice er Akureyringur en hefur verið búsett syðra í þrjú ár. Þau eru öll á þriðju önn og útskrifast um komandi áramót. Öll líta þau björtum augum til framtíðarinnar og eru sammála um að dvölin í Hringsjá og námið hafi gert þeim gott.

Lesblinda er algeng

Þau segjast öll hafa verið í misjöfnu ástandi áður en þau komu í Hringsjá. Dvölin þar og námið hafi gerbreytt lífi þeirra. Þau leggja sérstaka áherslu á hvað þau eigi auðveldara með öll félagsleg samskipti hvort sem er í hópastarfi eða almennt í daglegu lífi. Lesblinda hefur háð sumum þeirra. Segjast jafnvel hafa nánast lært að lesa upp á nýtt og hafa þjálfað gott lesminni til þess að þurfa ekki að lesa eins oft eða mikið. Þau stefna ýmist á áframhaldandi nám eða vinnumarkað.

Betur búin að fara aftur út í lífið

Fjórmenningarnir leggja áherslu á góðan mórál innan veggja Hringsjár. „Við erum eins og ein fjölskylda,“ segja þau þegar spurt er um samskiptin. Þau segja bæði nemendur og kennara starfa í þeim anda. Aðalatriðið sé

að ná árangri og vera betur undirbúin til þess að ganga út í lífið og takast á við þau viðfangsefni sem verða í boði hvort sem er til náms eða vinnu. Þau eiga misjafna sögu að baki úr skólakerfinu. Hvort sem er vegna lesblindu eða annars. Segja ekki gott að vera með kennara sem skilji ekki vanda og þarfir nemenda. Slíkt geti komið upp í almenna skólakerfinu. Hjá Hringsjá sé reynt að komast hjá slíkum vandamálum og miða við lausnir þeirra.

Leikræn tjáning hefur gert okkur gott

Leikræn tjáning er hluti námsins. Þau eru sammála að hún hafi hjálpað þeim í samskiptum við annað fólk. Að standa fyrir framan aðra og fá þjálfun í að tjá sig með orðum eða leikrænum hætti sé af hinu góða. Þau eru sannfærð um að slík þjálfun muni gagnast þeim vel í framtíðinni.

Tengd við kerfi framhaldsskólanna

Við upphaf náms- og starfsendurhæfingar hjá Hringsjá undirrita allir nemendur samstarfssamning um að skuldbinda sig að fylgja ákveðnum reglum meðan á námi stendur. Hringsjá er meðþjónustusamning við Advania um aðgang að Innu sem er sama kerfi og framhaldsskólar nota. Það auðveldar öll samskipti sem er mjög mikilvægt fyrir starfsemina og ekki síst nemendur varðandi námsmat. En það auðveldar að fá mat á einingum frá Hringsjá í aðra skóla.

Umsóknarfrestur til 15. nóvember – enginn þarf að kvíða að sækja um

Nú er þriggja anna námi fjórmenninganna að ljúka og umsóknarfrestur um námið á næstu önn rennur út 15. nóvember. Helga Eysteinsdóttir forstöðumaður Hringsjár segir að fólk eigi tvímælalaust að sækja um ef það vill byggja sig upp eftir veikindi, slys eða áföll. Námið í Hringsjá er ekki aðeins fyrir ungt fólk heldur fólk á öllum aldri en meðalaldurinn er í dag um 29 ár, yngsti nemandinn er 18 ára og sá elsti 61 árs. Enginn á að þurfa að kvíða því að koma í Hringsjá. Þar er lögð áhersla á góð samskipti og vinalegt umhverfi. Komumanni fannst erfiðast við heimsóknina að þurfa að þakka fyrir kaffið kveðja og fara.

Gerðu  
góðverk  
í dag

907 2002

Hjálparstarf  
kirkjunnar  
www.help.is

Hjálparstímanum 1717  
starfa sérgjafar  
sjálfsbætur sem  
eru alltaf  
til taks

Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Sysstrasamlagið

Netverslun:  
sysstrasamlagid.is





# ÞARFTU NAUÐSYNLEGA NAGLADEKK Í VETUR?



NAGLADEKKIN ERU SLÍTANDI



Reykjavík



# Fjörleikar í Vesturbæjarskóla



Frá fjörleikum í Vesturbæjarskóla.

Fyrstu fjörleikarnir í Vesturbæjarskóla voru 7. september sl. Börnunum var skipt í lið þvert á árganga og byrjuðu daginn í hópefli hjá kennurum út um allan skóla.

Eftir frímínútur fór Hector með nemendur í Tai Chi en það er æfingakerfi sem tengir saman hægar, mjúkar og flæðandi hreyfingar. Að því loknu fóru liðin á stöðvarnar og tóku þátt í allskonar leikjum út um alla skólalóð eins og limbó, danskeppni, reiptogi og öðrum samvinnuleikjum. Börn í 7. bekk voru liðsstjórar og sáu um að halda liðunum saman og aðstoða yngstu börnin sem eru að stíga sín fyrstu skref í grunnskólanum.



Netverslun: [systrasamlagid.is](https://systrasamlagid.is)

# Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar 2022

Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 voru veittar við hátíðlega athöfn í Höfða, miðvikudaginn 19. október. Reykjavíkurborg veitir árlega viðurkenningar fyrir fallegar stofnana-, fyrir-tækja- og fjölbýlishúsalóðir og fyrir vandaðar endurbætur á eldri húsum.

Fegrunarviðurkenningar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2022 hljóta eftirfarandi:

**Fallegar og vel hirtar lóðir 2022:**

**Freyjugata 41 – Ásmundarsalur (Fyrirtækjalóð)**

Lóðin við Ásmundasal er stíl-hrein, minimalísk og opin. Hún tónar einstaklega vel við bygginguna sem er eftir Sigurð Guðmundsson arkitekt. Við vegginn er látlaus bekkur sem er einnig vegasalt og kemur því notendum sínum skemmtilega á óvart. Á grasflötinni eru ýmis listaverk sem gestir og gangandi vegfarendur fá að njóta, en lóðin er síbreytileg eftir því hvaða listaverk prýða hana. Einstakt konsept sem skapar sérstöðu í borgarrýminu.

**Nauthólsvegur 83 (Fjölbýlishúsalóð)**

Lóðin hefur góða tengingu við nærliggjandi umhverfi og býður notendum sína velkomna með látlausum bekkjum, grilli og hjólaskýli. Gróðurinn á svæðinu er fallegur og nokkuð fjölbreyttur. Umhverfið í heild sinni er aðlaðandi, og gott jafnvægi er milli hins manngerða og grænna svæða.

**Stýrimannastígur 9 (Endurbætur á einkalóð)**

Einstaklega fögur endurgerð á bæði húsi og garði þar sem vandað er til allra verka. Minnstu smáatriði



Verðlaunahafar ásamt fulltrúum Reykjavíkurborgar.

fá að njóta sín og listaverk eftir Kristín Hrafnsson er staðsett fyrir framan aðalinngang hússins. Vandað er til plöntuvals og einn fallegasti álmur í Reykjavík er stað-settur í bakgarði. Heildarútlit og efnisval lóðar er fagurt og fagað og er í fallegu samspili við húsið, sem gerir heildarásýndina einstaka.

**Vandaðar endurbætur á húsum 2022:**

**Mjóstræti 6**

Húsið var byggt árið 1919 og hefur hátt varðveislugildi. Það er næst stærsta steinhlaðna húsið í Reykjavík og á sér m.a. sögu sem prentsmíðja. Í tilefni af 100 ára afmæli hússins hafa eigendur fært það nær upprunalegu útliti sínu, m.a. með því að breyta gluggunum. Húsið hefur endurheimt glæsilegan svip sinn og breytingin er til mikillar prýði fyrir götumyndina.

**Vesturgata 51A (Stefánshús)**

Húsið var byggt árið 1882 og var fyrsti eigandi þess Stefán Þórðarson. Undanfarin ár hafa staðið yfir miklar endurbætur á húsinu með það að markmiði að færa það nær upprunalegu útliti. Húsið á sér langa og áhugaverða sögu og hefur gengið í gegnum margar útlitsbreytingar í gegnum tíðina. Húsið er nú tjargað, gluggar hvítmálaðir og hleðslan í grunni þess - sem hafði verið múrhúðuð - fær nú aftur að njóta sín. Árangurinn er til fyrirmyndar.

Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar veiti viðurkenningarnar eftir tilnefningu frá starfshóp sem skipaður var eftirfarandi aðilum: Guðlaug Erna Jónsdóttir, arkitekt f.h. Borgarsögusafns, Guðrún Birna Sigmarsdóttir, landslagsarkitekt á umhverfis- og skipulagssviði, Pétur Andreas Maack, arkitekt á umhverfis- og skipulagssviði, Sólveig Sigurðardóttir, arkitekt á umhverfis- og skipulagssviði.

# Brot fjölbreytileikans

- Gullöldin - nýkomin ljósmyndabók Rúnar Gunnarssonar

Rúnar Gunnarsson ljósmyndari og fyrrum útsendingarstjóri sjónvarps hefur sent frá sér ljós-myndabók með völdum textum þar sem hann segir sögur af ýmsum persónum og leikendum mannlífsins. Bókin nefnist Gullöldin og hefur Myndir og minningar í undirtitli. Heitið höfðar til efni bókarinnar þar sem Rúnar er að fjalla um mannlíf í höfuðborginni á síðari hluta 20. aldar.

Ljósmyndasafn Rúnar er ómetanlegt en hann hefur stundað ljósmyndun allt frá 14 ára aldri að hann eignaðist sína fyrstu myndavél. Hvað hefur heillað Rúnar mest í gegnum tíðina. Hann segir það vera mannlífið í fjölbreytileika borgarinnar. Þar sé gnægð af myndefni. Hann hefur af mikilli eljusemi og fagkunnáttu fest margbreytileikann á filmur eins og sjá má í hinni nýútkomnu bók hans. Í Gullöldinni ferðast ljósmyndarinn og sagnamaðurinn í gegnum tíðina þar sem hann fangar andblá líðandi stundar og skyggnist inn í eilífðina. Margar þekktar og ekki síður sérstakar persónur sem auðgað hafa mannlífið hver á sinn



Börn í Braggahverfi. Dæmi um búsetuúrræði um miðja síðustu öld.

hátt er að finna í myndefni hans. Í bókinni eru þó ekki eingöngu ljósmyndir. Hún geymir einnig afar fróðlegan sjálfsævisögulegan innangang með ljósmyndasögulegu ívafi auk smásagna sem vekja upp bæði ljúfar og ljúfsárar minningar frá öldinni sem leið. Hvernig var

Reykjavík og mannlífið þar á seinni helming 20. aldar? Svar við þessari spurningu er að finna í miklu og ómetanlegu ljósmyndasafni Rúnar Gunnarssonar. Í hinni nýútkomnu bók má sjá brot fjölbreytileikans.



## ÍSÚRVÉL:

NÝI, GAMLI, LAKTÓSAFRÍR & JARÐARBERJA ÞÚ FINNUR OKKUR Í JL-HÚSINU



FYLGDU OKKUR Á:



[www.isrefur.is](https://www.isrefur.is)



# Sjö stelpur skrifa undir hjá KR

Sjö ungar og efnilegar KR stelpur skrifuðu undir samning við meistaraflokk kvenna í körfubolta fyrir skömmu. Þetta eru þær Anna Friða Ingvarsdóttir, Anna María Magnúsdóttir, Anna Margrét Hermannsdóttir, Fjóla Gerður Gunnarsdóttir, Hildur Arney Sveinbjörnsdóttir, Rakel Vala Björnsdóttir og Steinunn Sveinsdóttir.

Stelpurnar sjö eru fæddar árin 2005 og 2006 og eru því 16 og 17 ára gamlar. Þær hafa spilað saman meira og minna upp alla yngri flokkana, og unnið þar titla saman. Hörður Unnsteinsson þjálfari KR kveðst gríðarlega ánægður að sjá þessar efnilegu og frábæru stelpur skrifa undir sinn fyrsta alvöru meistaraflokkssamning. „Hérna eru stelpur sem eru að fara að spila stóra rullu í meistaraflokki kvenna bæði í vetur og næstu árin. Þær sýndu það í úrslitakeppninni í fyrra að þær eru klárar að spila rullu í meistaraflokknum þrátt fyrir ungan aldur. Þær eru svo lykilleikmenn í 12. flokknum okkar, þar sem við stefnum á að gera atlögu að öðrum Íslandsmeistaratiði.“



Stelpurnar sjö við undirskrift sína hjá KR.

# EC Matthews til KR

Körfuknattleiksdeild KR hefur samið við bandaríska bakvörðinn EC Matthews og mun hann leika með karlalíði félagsins á leiktíðinni. Matthews er 27 ára og ætti að vera íslensku körfuboltaáhugafólki kunnugur en hann lék með liði Grindavíkur í Subway deild karla sl. vetur við góðan orðstír þar sem hann skoraði 21 stig að meðaltali í leik. Þar á undan lék hann m.a. með liði Oliveirense í portúgölsku deildinni.

Matthews er 196 cm á hæð og lék með Rhode Island háskólanum á árunum 2013-2018. Hann lék einnig tvö tímabil í NBA G-deildinni þar sem hann lék með Raptors 905 og einnig Erie Bayhawks.

Koma EC til KR þýðir að Michael Mallory mun hverfa á braut en hann mun leika sinn síðasta leik með liðinu á föstudaginn nk. gegn Þór Þorlákshöfn. Við hjá KR viljum koma á framfæri kærum þökkum til Mike fyrir hans framlag til liðsins.

Körfuknattleiksdeildin býður EC velkominn til félagsins og væntum við mikils af komu hans til KR!



# KR fagnar tillögu um stuðning við rafíþróttir

Forsvarsmenn Fylkis, Ármanns og KR fagna tillögu Björns Gíslasonar, borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem lögð verður fyrir borgarstjórn þriðjudaginn 18. október, en hún snýr að stuðningi borgarinnar við starf þessara félaga á sviði rafíþróttar. Hér er um gríðarlega mikilvægt mál að ræða sem snertir fjölmörg börn og unglinga sem eru iðkendur rafíþróttadeilda félaganna.

Skipulag rafíþróttar gengur út á að því að bjóða upp á vel skipulagðar og gefandi æfingar fyrir ungmenni með það að markmiði að þjálfa iðkendur í að eiga heilbriggt samband við tölvuleikjaiðkun.

Í starfinu er iðkendum kennt að þekkja tölvurnar sem verkfæri en ekki verkstjóra, að efla félagsfærni þeirra og reyna að fyrirbyggja félagslega einangrun þeirra sem spila bara ein heima hjá sér. Einnig er lögð mikil áhersla á hreyfingu og fræðslu.

Skipulag íþróttafélaga hentar mjög vel fyrir starfsemi rafíþróttar og hefur verið mikil ánægja meðal iðkenda og forráðamanna með starfið. Margir einstaklingar sem



ekki voru þátttakendur áður í skipulögðu starfi eru núna virkir þátttakendur sem eru frábærar fréttir.

Hörður Guðjónsson framkvæmdastjóri Fylkis  
Jón Þór Ólason framkvæmdastjóri Ármanns  
Bjarni Guðjónsson framkvæmdastjóri KR

Kristinn Jónsson

## Nokkur minningarorð

Fundum okkar Kristins Jónssonar eða Kidda KR-ings eins og margir Vesturbæingar muna hann á bar síðast saman á liðnu vori. Átti leið í KR heimilið og þar sat hann ásamt nokkrum eldri KR ingum. Þeir voru að spjalla um gamla og nýja daga og tíðina og blíðuna.



Nokkuð var af Kidda dregið enda heilsan farin að gefa sig. Blikið var þó enn á sínum stað og brosið sem einkenndi hann svo að manni fannst það fast á andlitinu. Ég tyllti mér aðeins hjá þeim og svo röltum við Kiddi að bílnum. Ég fæ að hafa þennan sagði hann. Svo settist hann undir stýri og ók af stað. Trúlega heim í Skerjafjörðinn.

Kristni var jafnan heiður af að vera kenndur við KR. Félaginu sem hann hafði helgað líf sitt og krafta frá bernsku. Hann var vaxinn upp við hliðina á þessu gróna félagi og fékk áhuga á fótbolta nánast í vöggugjöf. Hann lék knattspyrnu með félaginu fyrir á árum og sinnti félagsstörfum af kostgæfni árum saman.

Þótt skoðanir Kristins gætu verið sterkar slóg það aldrei á samskipti hans eða kunningskap þótt samferðamenn kynnu vera á öðru máli. Hvort sem var við kaffiborð morgunsins sem hann sat við árum saman á Kaffi Tári í Bakastrætinu eða við önnur tækifæri.

Kristinn lærði prentverk. Hann stofnaði prentsmiðju sem hann rak af myndarskap ásamt fjárfestingum þar til starfslok tóku að blasa við. Kristinn tók þeim tímamótum eins og um sjálfsagðan hlut væri að ræða. Hann átti sinn féлага. Auk tryggar fjölskyldu var KR aldrei langt undan. Samfylgdin með KR leið aldrei undir lok.

þí



www.kr.is



**FYRIRTAK**  
málningarþjónusta

TRAUST  
OG  
ÁBYRG  
ÞJÓNUSTA

www.fyrirtak.is - fyrirtak@fyrirtak.is - sími: 7707997

**LÍTIL VERK - STÓR VERK**  
OG ALLT ÞAR Á MILLI

LÁN AÐ 36 MÁNUÐUM

HAMBORGARA  
**Búllan**

Geirsgata 1 • Sími 511 1888

**Gómsæti í göngufæri**





# Er kominn tími á seríurnar?



SKOÐAÐU ÚRVALIÐ

SAMAN Í  
60 ÁR

**BYKO**  
GRANDI